

# Svífðu litla, létta blað ...

6. tbl., 2. árg,  
ágúst 2013



## Að kenna nemendum orðaforða námsgreina!

**D**agana 15. og 16. ágúst var haldið námskeið á vegum Ísbrúar og Endurmenntunar HÍ um leiðir til að kenna nemendum orðaforða námsgreina.

Þó að þar væri sérstaklega verið að hugsa um þarfir erlendra nemenda henta námsleiðirnar öllum nemendum vel. Þeir sem þurfa aðstoð við að draga fram aðalatriði úr texta eða finnst gott að hafa sjónræna stoð á viðfangsefni geta lært leiðir til að auðvelda sér námið. Einnig er mikil áhersla lögð á samræðu nemenda, upprifjun og sýnileika orða og hugtaka í kennslustofunni.

Loks er komið inn á þætti eins og leiðsagnarmat fyrir kennara en mörg verkefni

nemenda sem tengjast orðanotkun og orðskilningi henta vel sem hluti leiðsagnarmats.

Ég var ein þeirra sem voru með innlegg á þessu námskeiði. Í tengslum við það — og vinnu mína með nemendum og kennurum — tók ég saman lítið kver með hugmyndum og leiðum sem hægt er að fara í kennslustofunni með fjölbreyttum nemendahópi. Það er auðvelt að laga þær að öllum aldurstigum og hvaða námsgrein sem er; hvort heldur er stærðfræði, lesgreinum eða tungumálum.

Flestir kennarar glíma við það verkefni að auka **dýpri skilning** nemenda sinna á námsefninu og í þeim leiðum sem bent er á, er áhersla á skilning, þátttöku nemenda og

virgni þeirra.

Í umræddu kveri vitna ég oft til Lori Wilfong (2013) sem bendir kennurum sérstaklega á leiðir í kennslu með orðunum “*Do this — not that*” og kemur með dæmi um vinnu með orðaveggi og skipulag á þeim, um mismunandi uppsetningar á hugtakakortum o.fl. Hún ræðir einnig um mikilvægi þess að velja hugtök til að **kenna sérstaklega** og leiðir til þess. Vinna af þessu tagi rímar t.d. vel með áherslum sem lagðar eru í Orð af orði.

Kverið er komið á forsiðu vefsins:

**www.akmennt.is/erlendir** og heitir **Gæðum orðin lífi**.

Ef skólar eða kennarahópar hafa áhuga á þessum fræðslufyrirlestri stendur hann alltaf til boða.



### ATH!

Bendi ykkur á skemmtilega vefi með myndefni sem er sérstaklega hugsað í orðaforðavinnu nemenda í tungumálanámi — bæði eldri og yngri.

Það er leyfi fyrir því að prenta þessar myndir út og nota með nemendum í námi og kennslu:

<http://digital.library.pitt.edu/v/visuals/>  
<http://www.picto.qc.ca/>

- Ég minni ykkur á að hafa samband við mig ef þið viljið ræða um leiðir í námi erlendra nemenda, vantar námsefni eða viljið aðstoð með foreldrasamstarf.
- Bestu kveðjur með von um árangursríkt og skemmtilegt skólaár.

*Helga*  
s: 460-1465 — [helgah@akureyri.is](mailto:helgah@akureyri.is)